

Rauðsmári (*Trifolium pratense*)

Enska; Red Clover, danska; Rød-kløver, norska; Rødkløver, sænska; Rödklöver

Tegundalýsing og kjörlendur

Rauðsmári er fjölær upprétt belgjurt með sterka stólparót. Blóm rauðsmára eru einsamhverf, mörg saman í stórum eggлага eða hnöttöttum kalli. Kollurinn er rauður um 12-16 mm að lengd. Blöð rauðsmára eru stakstæð, hærð, nær heilrend og oft með ljósan blett í miðjunni. Þau eru þrífingruð með öfugeggлага eða sporbaugóttum smáblöðum. Stönglar ná allt að 40 cm hæð og eru hærðir, veturgrænir, uppréttir eða jarðlægir.

Rauðsmári er nokkuð algengur slæðingur sem finnst m.a. í vegköntum og röskuðum svæðum, sérstaklega á Norðurlandi. Hann er sjaldgæfur í túnnum nema þar sem honum hefur verið sáð.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði.

Rauðsmári er góð fóðurjurt sem er prótein- og steinefnarík og trénilítill miðað við grastegundir. Fóðrunarvirðið er hærra en í bestu fóðurgrösnum og beitarþol gott. Hann má beita en er frekar nýttur sláttar enda allur stærri og grófgerðari en frændi hans, hvítsmárin. Honum er ávalt sáð með grastegundum og þá aðallega vallarfoxgrasi hér á landi. Hann er seinn til á vorin og lítið áberandi í frumvexti túna en getur verið ríkjandi í endurvextinum. Hann er betri í votheysverkun en þurrheysverkun vegna þess hvað blöðin eru viðkvæm og vilja molna við mikinn þurrk. Ókostir rauðsmárans eru ótrygg uppskera en þegar best lætur getur hann gefið mikla uppskeru með vallarfoxgrasi. Rauðsmárin er yfirleitt skammlífur og algengt að hann endist ekki lengur en í 3 til 5 ár frá sáningu. Hann hentar því eingöngu í sáðskiptakerfum með tíðri endurræktun.

Ræktunarleiðbeiningar

Rauðsmára er best að sá með vallarfoxgrasi eða, með vallarrýgresi í skammærum sáðskiptatúnum. Hann vex best í rökum en vel ræstum steinefnaríkum jarðvegi með hátt sýrustig. Þúsund kornþyngd er 1,6-1,8 g og ráðlagt sáðmagn er um 5-10 kg á ha. Til að tryggja eðlilegan vöxt smárans er nauðsynlegt að smita fræði með niturbindandi samlífsbakteríum sem fæst hjá sáðvöruinnflytjendum. Upplýsingar um heppileg yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Sáðdýpt er um 1 sm og sáðbeðið á að vera laust við illgresi, þétt og fínunnið (plægt, herfað og valtað). Best er að sá á yfirborðið að vori eða seinni part sumars. Til að viðhalda smára í túnnum má einungis bera mjög lítið á á af köfnunarefnisáburði eða frá 0-40 kg á ha. Hins vegar þarf að bera á ríflega túnskammta af fósfor og kalí (sjá Handbók bænda).



Rauðsmári í blöndu með vallarfoxgrasi, endurvöxtur